

## ÁHERSLUVERKEFNI SSNE 2020

Heiti verkefnisins	Menningarviðburðir í Hlöðunni
Markmið	Röð menningarviðburða í Hlöðunni, Litla-Garði. Vettvangur fyrir ungt og uppnemandi norðlenskt listafólk.
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	<p>Verkefnið gengur út á röð viðburða á sviði tónlistar og leiklistar. Hlaðan, Litla-Garði er lítið menningarhús á Akureyri. Markmið Hlöðunnar er að sviðslistahópar eigi þar skjól og grasrótin í tónlistarlífinu á Akureyri og Norðurlandi öllu geti flutt þar tónlist sína við bestu aðstæður. Verkefnið miðar að því að yfir veturinn verði menningarviðburðir í háum gæðaflokki sem gefi ungu listafólki tækifæri til að vinna með reyndara listafólki. Alls er reiknað með 8 uppsetningum/tónleikum yfir veturinn, en hver þeirra verður endurtekinn eftir aðsókn og eftirspurn, svo ekki er ólíklegt að heildarfjöldi viðburða verði vel á þriðja tug.</p> <p>Með verkefninu er listafólkinu gefið tækifæri á að nýta húsnæðið og búnað þess án endurgjalds. Þannig getur það skapað sér tekjur af listflutningi sínum án þess að taka fjárhagslega áhættu og fær um leið ráðgjöf og stuðning við framkvæmd viðburðanna.</p> <p><b>Verkátun:</b> 15. júní – 10. ágúst undirbúningur, dagskrárgerð og gerð markaðsáætlunar 10. ágúst – 30. mars mánaðarlegur frumflutningur sviðslistaviðburða og skipulagsvinna þeim tengd, kynningarvinna og eftirfylgni.</p> <p><b>Kostnaðaráætlun:</b> <i>Kostnaður:</i> Húsaleiga.....900.000 kr Tækjaleiga.....700.000 kr Verkefnisstjórnun.....360.000 kr Auglýsingar.....440.000 kr Alls.....2.400.000 kr <i>Tekjur:</i> Framlag úr Sóknaráætlun.....1.800.000 kr Mótframl framkvæmdaaðila....600.000 kr Alls.....2.400.000 kr</p>
Framkvæmdaaðili	Þórhildur Örvarsdóttir og Skúli Gautason
Samstarfsaðilar	Leikhópurinn Umskiptingar, Leikhópurinn Anton, tónlistarmennirnir Dána Sus, Anton Líni, Særún Elma, Kristján Edelstein, Rán Ringsted, Stefán Elí, Eik Haraldsdóttir, Philip Doyle, Rodrigo Lopez, Dana Ýr, Tumi Hrannar- Pálmason, Birkir Blær, Valdís Valbjörnsdóttir, Brynjólfur Skúlason og Piret Pajousar
Tengsl við sóknaráætlun	Á viðburðunum verður teflt saman ungu og eldra listafólki af báðum kynjum með fjölmennningarlegan uppruna

## Sóknaráætlanir landshluta - áhersluverkefni

Tengsl við heims- markmið Sameinuðu þjóðanna	<p>4, Menntun fyrir alla. Með verkefninu eykst menningarframboð á svæðinu.</p> <p>5, Jafnrétti kynjanna. Þátttakendur eru af báðum kynjum og höfðar jafnt til allra óháð kyni.</p> <p>8, Góð atvinna og hagvöxtur. Verkefnið skapar listafólki færi á að afla sér tekna með listsköpun sinni</p> <p>9, Nýsköpun Uppbygging. Með verkefninu er verið að styrkja grundvöll skapandi greina á Norðurlandi eystra.</p>
Árangursmælikvarðar	Fjöldi haldinna viðburða, fjöldi þátttakenda, fjöldi gesta
Lokafurð (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Röð viðburða sem inniheldur leiksýningar sjálfstæðra atvinnuleikhópa og tónleika ungra og upprennandi tónlistarmanna í samstarfi við reynt tónlistarfólk. Með verkefninu fá listamennirnir færi á að skapa sér tekjur af listflutningi sínum.
Upphaf og lok verkefnis	Verkefnið hefst 15. júní 2020 og stendur til 30. mars 2021
Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnatíma)	2.000.000 kr
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2020 og á hverju ári eftir það, ef við á)	500.000 kr.
Mótframlag (ef við á)	600.000 kr.
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Í markmiðum Stefnumótandi Byggðaáætlunar 2018-24, lið II.A.j er kveðið á um að börn og ungmenni fái aðgang að listum og menningu óháð búsetu og efnahag, svo sem með auknu framboði á vönduðum og fjölbreyttum listviðburðum. Verkefnið fellur mjög vel að þeim markmiðum.